

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 13. desember 2022.

Mál nr. 617/2022:

A

(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)

gegn

B

(Helga Björg Jónsdóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Óvígð sambúd. Fjárskipti.

Útdráttur

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem leyst var úr ágreiningi milli A og B við opinber skipti til slita á óvígðri sambúð. A krafðist þess fyrir Landsrétti að kröfum B sem fallist var á í hinum kærða úrskurði yrði hafnað en til vara að hlutdeild B í fasteign A, Ö, yrði úrskurðuð lægri. Einnig að kröfum B um hlutdeild í innbúi og ökutækjum, sem skráð voru á nafn A á viðmiðunardegi skipta, yrði hafnað. B krafðist þess að við skiptin skyldi öllum eignum fjárfélags þeirra skipt að jöfnu, án tillits til þess hvernig skráningu eigna var háttað, þannig að viðurkennd yrði helmingshlutdeild B í „skírri eign búans“ eins og þær voru á viðmiðunardegi skipta. Þá krafðist B helmingshlutdeildar í almennum lífeyrissparnaði og séreignasparnaði. Byggði B á því að nánast öll eignamyndun hefði orðið á sambúðartíma þeirra og fjárhagsleg samstaða verið með þeim allan þann tíma. Í úrskurði Landsréttar var rakið að að lögum gildi ekki settar efnisreglur um skiptingu eigna sambúðarfólks við lok sambúðar hliðstætt því sem eigi við um hjúskap. Í dómaframkvæmd beri að líta á slíka aðila sem tvo sjálfstæða einstaklinga og í hlut hvors um sig komi þá þær eignir sem viðkomandi kom með í sambúðina eða eignaðist á meðan henni stóð. Opinber skráning eignarhalds hafi því þýðingu í þessu sambandi og hvíli sönnunarbyrðin á þeim sem haldi fram sameiginlegri eignamyndun, þrátt fyrir opinbera skráningu eignar á gagnaðila eða tilurð hennar að öðru leyti. B yrði því látin bera sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi innt af hendi bein eða óbein framlög til eignamyndunar á sambúðartímanum enda væri sönnun í þeim efnum forsenda þess að fallist yrði á kröfur hennar. Engin gögn lágu fyrir um innbú aðila og var kröfu B um hlutdeild í því vísað frá dómi án kröfu. Að öðru leyti var talið ósannað að B hefði með vinnu eða á annan hátt skapað grundvöll fyrir hlutdeild í eignarrétti að eignum sem skráðar voru á A og kröfum hennar þess efnis hafnað.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 11. október 2022. Greinargerð varnaðila barst réttinum 1. nóvember sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 2022 í málinu nr. Q-[...]/2021 þar sem leyst var úr nánar tilgreindum ágreiningi milli aðila við opinber skipti til slita á óvígðri sambúð. Kæruheimild er í 1. mgr. 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.
- 2 Sóknaðili krefst þess að hann verði „sýknaður“ af þeim kröfum varnaðila sem fallist var á í hinum kærða úrskurði og til vara að varnaðila verði úrskurðuð lægri hlutdeild í fasteign hans að Þ í Reykjavík og að hann verði „sýknaður“ af kröfu varnaðila um hlutdeild í innbúi og þeim ökutækjum sem skráð voru á hans nafn á viðmiðunardegi skipta 1. júní 2017. Að öðru leyti krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og kærúmálskostnaðar.
- 3 Varnaðili kærði úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti 31. október 2022. Hún krefst þess að við opinber skipti til fjárslita milli aðila skuli öllum eignum fjárfélags þeirra skipt að jöfnu milli þeirra, án tillits til þess hvernig skráningu eigna er háttað, þannig að viðurkennd verði helmingshlutdeild hennar í „skírri eign“ búsinns eins og þær voru á viðmiðunardegi skipta. Þá er þess krafist að viðurkennd verði helmingshlutdeild hennar í almennum lífeyrissparnaði og séreignarsparnaði sóknaraðila sem aflað var á sambúðartímanum allt fram til viðmiðunardags skipta. Að öðru leyti krefst hún staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- 4 Til vara krefst varnaðili þess að bankainnstæðum á bankareikningum sem tilgreindir eru í bréfi skiptastjóra 26. október 2021 verði skipt að jöfnu milli þeirra miðað við stöðu þeirra á viðmiðunardegi skipta. Þá krefst hún þess að skipt verði að jöfnu milli aðila verðmæti hlutafjár sóknaraðila í C ehf., D ehf. og E ehf. miðað við viðmiðunardag skipta. Þá er þess krafist að viðurkennd verði helmingshlutdeild varnaðila í almennum lífeyrissparnaði og séreignarsparnaði sóknaraðila sem aflað var á sambúðartímanum allt fram til viðmiðunardags skipta. Að öðru leyti er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Að því frágengnu krefst varnaðili annarrar lægri hlutdeildar en helmings af „skírri eign“ búsinns á viðmiðunardegi skipta. Loks krefst varnaðili í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 5 Fyrir Landsrétt hefur sóknaraðili lagt fram nokkur ný gögn, meðal annars yfirlýsingu frá bókara C ehf. 21. október 2022 þess efnis að félagið eigi ógreidda kröfu á hendur sóknaraðila að fjárhæð 18.426.322 krónur vegna byggingar fasteignarinnar að Ö í [...], sem hafi átt að greiðast við sölu hennar en vegna ágreinings aðila hafi það ekki gengið eftir. Varnaðili hefur einnig lagt fram mikinn fjölda gagna, meðal annars

skattframtöl vegna árána 1999 og 2006 til 2017 og yfirlit yfir bankareikning hennar tímabilið 1. janúar 2011 til 31. desember 2017 og kreditkortareikning hennar fyrir tímabilið 18. maí 2013 til 21. júlí 2016.

Málsatvik

- 6 Eins og nánar er rakið í hinum kærða úrskurði lýtur ágreiningur málsaðila að skiptum á nánar tilgreindum eignum við opinber skipti til slita á óvígðri sambúð þeirra. Um er að ræða fasteignina Þ, innbú og hlutabréf í þremur einkahlutafélögum, það er C ehf., D ehf. og E ehf., sex ökutæki og bankainnstæður á bankareikningum, þar af einn reikningur með ríflega 22.000.000 króna innstæðu á viðmiðunardegi skipta 1. júní 2017. Liggur fyrir að þar er um að ræða eftirstöðvar söluandvirðis fasteignarinnar Ö, sem var skráð eign varnaraðila og seld fokheld á árinu 2016 en andvirði hennar lagt inn á bankareikning í eigu sóknaraðila. Eru fasteignin Þ, hlutabréfin og ökutækin öll skráð í eigu sóknaraðila utan ein bifreið, sem varnaraðili er skráð fyrir. Þá krefst varnaraðili eins og fyrr greinir viðurkenningar á helmingshlut í almennum lífeyrissparnaði og séreignarsparnaði sóknaraðila. Í héraði krafðist varnaraðili jafnframt þess að sóknaraðila yrði gert að greiða henni 200.000 krónur eða lægri fjárhæð fyrir afnot af fasteigninni Þ en héraðsdómur vísaði þeirri kröfu frá dómi. Varnaraðili kærði ekki þá niðurstöðu og kemur hún því ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi. Sama á við um nánar tilgreinda endurgreiðslukröfu sóknaraðila sem höfð var uppi fyrir héraðsdómi og vísað var frá dómi.
- 7 Aðila greinir nokkuð á um málavexti. Þau eru þó sammála um að hafa kynnst á árinu 1999 og að varnaraðili hafi fljótlega eftir að kynni hófust flutt inn til sóknaraðila þar sem hann bjó í foreldrahúsum. Sóknaraðili hafi þá átt fasteignina Þ sem var í byggingu. Áður hafði hann átt íbúð að Æ í Reykjavík. Í kringum fæðingu sonar þeirra á árinu [...] hafi aðilar svo hafið sambúð á neðri hæð fasteignarinnar Þ en efri hæð hennar hafi enn verið ókláruð. Þar hafi þau búið allt þar til varnaraðili flutti út á árinu 2017, fyrir utan tímabil á árunum 2004 til 2005, en þau greinir á um hversu langt það tímabil var. Varnaraðili kveður það hafa verið um fjögurra til fimm mánaða tímabil en sóknaraðili telur að það hafi verið lengra. Sóknaraðili segist hafa lokið við að byggja efri hæð Þ þegar varnaraðili flutti frá honum 2004 til 2005. Hefur varnaraðili ekki mótmælt þeirri staðhæfingu. Báðir aðilar hafi átt bifreið er sambúðin hófst. Þau hafi eignast tvö önnur börn á árunum [...] og [...] og hafi skráð sig formlega í sambúð 24. júní 2011. Þau hafi ekki verið samsköttuð.

Málsástæður aðila

Málsástæður sóknaraðila

- 8 Sóknaraðili reisir kröfur sínar hér fyrir dómi í fyrsta lagi á því að sýkna beri hann af öllum kröfum varnaraðila þar sem þær hafi verið fyrndar þegar mál þetta var höfðað. Sambúð aðila hafi lokið eigi síðar en 1. júní 2017 en þá var varnaraðili flutt út af heimilinu. Verði ekki fallist á að kröfur varnaraðila séu fyrndar byggir hann á því að þær séu fallnar niður sökum tómlætis. Að öðrum kosti byggir hann á því að við slit

sambúðar beri að líta á sambúðarfólk sem tvo sjálfstæða einstaklinga og gildi sú meginregla að hvor aðili taki sínar eignir og beri ábyrgð á sínum skuldum. Opinbera skráningu eigna og þinglýstar eignarheimildir beri að leggja til grundvallar um eignarráðin nema sá, sem gerir tilkall til eignarréttar sem ekki fær samrýmst opinberri skráningu, leiði annað í ljós. Varnaraðili beri því sönnunarbyrði fyrir því að aðstæður séu með þeim hætti að víkja eigi frá meginreglum um fjárskipti sambúðarfólks.

- 9 Engin fjárhagsleg samstaða hafi verið með aðilum, þau hafi ekki verið með sameiginlega bankareikninga eða deilt útgjöldum heimilisins. Varnaraðili hafi ekki lagt fjármuni inn á bankareikninga hans eða tekið þátt í að greiða reikninga, hvorki þá er vörðuðu skráðar eignir hans né fyrir börnin. Hún hafi ekkert lagt fram vegna byggingar fasteignarinnar Þ, hvorki fjármuni né vinnu. Hún hafi ekki heldur lagt neitt af mörkum til byggingar fasteignarinnar Ö. Sú fasteign hafi aðeins verið skráð eign hennar þar sem hann hafi talið að af því væri skattahagræði, sem reyndist svo ekki vera. Þá hafi hún ekki fjármagnað þau ökutæki sem séu í búinu. Bifreiðina, sem sé skráð í hennar eigu, hafi hún fengið sem sinn hluta af sölu Ö, svo hún féllist á að undirrita afsal fyrir eigninni. C ehf. hafi verið stofnuð á árinu 2000 og hafi varnaraðili ekkert komið að stofnun eða rekstri félagsins. Um sé að ræða fjölskyldufyrirtæki sem afi sóknaraðila hafi upphaflega stofnað en sóknaraðili hafi tekið við rekstri þess á árinu 2000. D ehf. og E ehf. hafi verið skipt út úr C ehf. og hafi varnaraðili ekkert komið að þeim félögum heldur, þótt hún hafi um tíma verið skráð varamaður í stjórn félaganna. Enginn rekstur hafi verið í D ehf. og E ehf. og hafi síðarnefnda félagið verið tekið til gjaldþrotaskipta. Varnaraðili hafi jafnframt fengið rífleg laun vegna vinnu sinnar við bókhald C ehf. en ekki sinnt bókhaldi í hinum félögunum, enda engin starfsemi verið í þeim. Þá hafi þau ekki rekið saman [...] F ehf. sem hafi verið fyrirtæki varnaraðila. Hann hafi á hinn bóginn lánað henni veð til að fjármagna kaup hennar á félaginu en að öðru leyti ekki komið að rekstri þess. Hann hafi verið skráður eigandi 70% hlutafjár í félaginu en það hafi verið í tryggingaskyni. Hann hafi orðið fyrir miklum fjárútlátum vegna veðlánsins er félagið var tekið til gjaldþrotaskipta. Þau hafi bæði annast börnin og sinnt innkaupum til heimilisins og hann þá í ríkari mæli en varnaraðili.

Málsástæður varnaraðila

- 10 Varnaraðili byggir á því að fjárhagsleg samstaða hafi myndast í sambandi þeirra á 18 ára sambúðartíma, utan skamms tíma er hlé varð á sambúðinni 2004 til 2005, þótt þau hafi ekki verið með sameiginlega bankareikninga eða talið saman fram til skatts. Þau hafi rekið saman fjölskyldu og heimili um langt skeið og eignast þrjú börn á sambúðartímanum. Hafi hún alltaf litið svo á að sameignarfyrirkomulag ríkti í sambúðinni um allar eignir óháð opinberri skráningu þeirra en nær öll eignarmyndun aðila hafi átt sér stað á sambúðartímanum. Þótt sóknaraðili hafi að mestu aflað tekna til heimilisins hafi hún haldið heimili fyrir þau bæði, auk þess að annast uppeldi og umönnun barna þeirra. Meta þurfi framlag hennar til heimilisins til fullra tekna enda hafi það gert sóknaraðila kleift að starfa utan heimilis og afla lífeyrisréttinda og tekna

sem hann hafi nýtt til fjárfestinga, meðal annars í fyrrnefndum fasteignum, einkahlutafélögum, ökutækjum og innbúi, allt til verðmætaaukningar á búi þeirra. Hún hafi keypt inn til heimilisins til jafns við sóknaraðila. Þótt sóknaraðili hafi hafið byggingu Þ áður en sambúð þeirra hófst, hafi fasteignin verið hálfkláruð og hafi hún aðstoðað við frágang fasteignarinnar áður en þau fluttu inn í hana á árinu 2000. Þau hafi staðið sameiginlega að kaupum á fasteigninni Ö og hafi sú fasteign verið þinglýst eign hennar. Þá hafi hún sinnt bókhaldi einkahlutafélaganna þriggja en ekki þegið laun í samræmi við vinnuframlag sitt. Loks hafi þau rekið sameiginlega [...] F ehf.

Niðurstaða

- 11 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður sú niðurstaða staðfest að hafna málsástæðum sóknaraðila um að kröfur varnaraðila séu fyrndar eða fallnar niður vegna tómlætis.
- 12 Svo sem fram er komið krefst varnaraðili þess að við opinber skipti til fjárslita milli aðila skuli öllum eignum fjárfélags þeirra skipt að jöfnu, án tillits til þess hvernig skráningu eigna er háttað enda hafi nánast öll eignamyndun orðið á sambúðartíma þeirra og fjárhagsleg samstaða verið með þeim allan þann tíma. Að lögum gilda ekki settar efnisreglur um skiptingu eigna sambúðarfólks við lok sambúðar þeirra hliðstætt því sem á við um hjúskap. Í dómaframkvæmd hefur verið lagt til grundvallar að líta beri á slíka aðila sem tvo sjálfstæða einstaklinga og að í hlut hvors um sig komi þá þær eignir sem viðkomandi kom með í sambúðina eða eignaðist meðan á henni stóð. Hefur opinber skráning eignarhalds því þýðingu í þessu sambandi. Hvíli sönnunarbyrðin á þeim aðila sem heldur fram sameiginlegri eignamyndun, þrátt fyrir opinbera skráningu eignar á gagnaðila ellegar tilurð hennar að öðru leyti. Í samræmi við það verður varnaraðili látin bera sönnunarbyrðina fyrir því að hún hafi innt af hendi bein eða óbein framlög til eignamyndunar á sambúðartímanum og er sönnun í þeim efnum forsenda þess að fallist verði á kröfur hennar um að skipta beri þeim eignum sem skráðar eru á nafn sóknaraðila til jafns milli þeirra.
- 13 Sóknaraðili hóf byggingu Þ áður en aðilar kynntust og liggur fyrir að hann átti áður íbúð, sem hann seldi til að fjármagna byggingu fasteignarinnar. Aðilar fluttu á neðri hæð hússins um ári eftir að kynni með þeim tókust en fram að því bjuggu þau endurgjaldslaust í foreldrahúsum sóknaraðila. Varnaraðili viðurkennir að hafa hvorki lagt fé til smíði fasteignarinnar né greitt af þeim lánnum sem á henni hvíldu eða álögð fasteignagjöld. Þá hefur hún ekki mótmælt því að sóknaraðili hafi að mestu lokið við efri hæð hússins er hún flutti frá honum um skeið á tímabilinu 2004 til 2005. Bera gögn málsins með sér að óveruleg fjárhagsleg samstaða var með aðilum og eru aðilar sammála um að sóknaraðili hafi greitt flesta reikninga er lutu að heimilisrekstri og börnum og tómsundum þeirra. Þótt ráða megi af gögnum, sem varnaraðili lagði fram fyrir Landsrétti, að hún hafi í einhverjum mæli greitt fyrir mat, fatnað og tómsundir barna þeirra ber að horfa til þess að varnaraðili er framfærsluskyld gagnvart þeim. Þá er ekki unnt að slá því föstu að framlag hennar til barnauppeldis og heimilishalds hafi

verið meira en sóknaraðila og er þá einnig horft til þess að varnaraðili sótti sér menntun á sambúðartíma aðila en sóknaraðili hafði lokið sinni menntun áður en sambúð þeirra hófst. Í ljósi alls framangreinds er ósannað, gegn mótmælum sóknaraðila, að varnaraðili hafi með vinnu eða á annan hátt skapað grundvöll fyrir hlutdeild í eignarrétti að fasteigninni Þ og verður kröfu hennar um slíka hlutdeild því hafnað. Gildir hið sama um kröfu hennar um hlutdeild í þeim bifreiðum sem skráðar eru á sóknaraðila.

- 14 Engin gögn liggja fyrir um innbú aðila, hvernig það er til komið eða hvert verðmæti þess er. Er af þeim sökum ekki unnt að leggja mat á með hvaða hætti því skuli skipt. Er krafan svo vanreifuð að vísa verður henni frá héraðsdómi án kröfu.
- 15 Svo sem fram er komið krefst varnaraðili að innstæðum á bankareikningum sóknaraðila verði skipt að jöfnu. Meðal þeirra er bankareikningur með ríflega 22.000.000 króna innstæðu sem mun vera endurgjald vegna sölu fasteignarinnar Ö. Af yfirlýsingu bókara C ehf. má ráða að framkvæmdir við síðastnefnda fasteign hafi að stórum hluta verið fjármagnaðar af félaginu en yfirlýsingin hefur ekki verið vefengd að efni til af hálfu varnaraðila. Með þeirri athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur um höfnun á öllum kröfum varnaraðila um viðurkenningu á hlutdeild í innstæðum á bankareikningum sóknaraðila. Kröfum varnaraðila um hlutdeild í hlutum sóknaraðila í C ehf., D ehf. og E ehf., og almennum lífeyrissparnaði og séreignarsparnaði sóknaraðila er jafnframt hafnað með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar.
- 16 Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað og gjafsóknarkostnað varnaraðila verða staðfest.
- 17 Kærumálskostnaður fellur niður en um gjafsóknarkostnað varnaraðila fyrir Landsrétti fer eins og segir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kröfu varnaraðila, B, um hlutdeild í innbúi er vísað frá héraðsdómi.

Kröfum varnaraðila um hlutdeild í fasteigninni Þ í Reykjavík og hlutum í einkahlutafélögnum C ehf., D ehf. og E ehf. og ökutækjum og bankareikningum sem eru skráð á nafn sóknaraðila, A, og talin eru upp í bréfum skiptastjóra 21. september og 26. október 2021, er hafnað.

Kröfum varnaraðila um hlutdeild í almennum lífeyrissparnaði og séreignarsparnaði sóknaraðila er hafnað.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað og gjafsóknarkostnað varnaraðila eru staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður

Allur gjafsóknarkostnaður varnaraðila fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningaþóknun lögmanns hennar, Helgu Bjargar Jónsdóttur, 600.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 2022

Mál þetta hófst með bréfi skiptastjóra sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 21. september 2021, þar sem sett var fram beiðni um úrlausn ágreinings við opinber skipti til fjárlita. Sóknaraðili er B, [...], [...]. Varnaraðili er A, [...], Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi, aðallega, að öllum eignum fjárfélags málsaðila verði skipt að jöfnu milli aðila í samræmi við meginreglur hjúskaparréttar, án tillits til þess hvernig skráningu eignanna er háttað, þannig að viðurkennd verði helmingshlutdeild sóknaraðila í skírri eign búsins, eins og þær voru viðmiðunardaginn 1. júní 2017 og taldar eru upp í bréfi skiptastjóra til héraðsdóms, dagsettu 21. september 2021, í tillögu skiptastjóra til sátta, dagsettri 25. júní 2021, og í bréfi skiptastjóra, dagsettu 26. október 2021. Til vara er krafist lægri hlutdeildar sóknaraðila í skírri eign búsins miðað við fyrrgreint tímamark.

Í öðru lagi er þess krafist að viðurkennd verði helmingshlutdeild sóknaraðila í almennum lífeyrissparnaði og séreignarlífeyrissparnaði varnaraðila sem aflað var á sambúðartímanum allt fram til viðmiðunardagsins 1. júní 2017, en til vara önnur lægri hlutdeild að mati dómsins.

Í þriðja lagi er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila leigu að fjárhæð 200.000 krónur á mánuði, eða aðra lægri fjárhæð, vegna afnota varnaraðila af eignarhlut sóknaraðila í fasteigninni að Þ, Reykjavík, [...], frá viðmiðunardegi 1. júní 2017 til uppgjörsdags.

Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti, óháð úrslitum málsins, líkt og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Endanlegar dómkröfur varnaraðila eru aðallega þær að hann krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðila. Til vara krefst hann þess að hlutdeild sóknaraðila í eignum hans sé langtum lægri en krafist er. Verði henni dæmd hlutdeild í eignum hans krefst hann þess að „hún endurgreiði honum samsvarandi hlut í kostnaði vegna reksturs og greiðslna af lánum viðkomandi eigna frá samvistarslitum auk allar fjárgreiðslur sem hann hefur innt af hendi til hennar eða í hennar þágu eftir skilnað aðila, hvort sem er inn á bankareikning hennar eða til leigusala eða annarra skuldheimtumanna, verði dregnar frá hlutdeild hennar og að viðurkennt sé að frá hlut hennar beri að draga andvirði tveggja bifreiða, sem hann hefur þegar afhent henni, miðað við söluverðmæti þeirra á afhendingardegi“. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðila, honum að skaðlausu.

Í þinghaldi 10. febrúar 2022 féll varnaraðili frá frávísunarkröfu sem höfð var uppi sem aðalkrafa í greinargerð hans.

I

Í beiðni skiptastjóra er málavöxtum og ágreiningsefnum lýst svo að málsaðilar hafi verið í óvígðri sambúð frá árinu 1999 en sambúð þeirra hafi verið skráð 24. júní 2011. Sambúðinni hafi verið slitið í júní 2017. Við samvistarslit hafi málsaðilar búið ásamt þremur sameiginlegum börnum sínum að Þ í Reykjavík, en maðurinn hafi hafið byggingu hússins áður en sambúðin hófst. Byggingu hússins hafi lokið á sambúðartíma, málsaðilar flutt þangað og búið þar á meðan á sambúð stóð. Fasteignin sé þinglýst eign mannsins og á henni hvíli lán frá Íslandsbanka. Frá sambúðarslitum hafi maðurinn búið í húsínu ásamt börnum aðila og að eigin sögn greitt af því allan kostnað. Verðmat á fasteigninni liggi ekki fyrir. Ekki liggi fyrir upplýsingar um eignir konunnar við upphaf sambúðar þar sem ekki hafi tekist að hafa uppi á skattframtali hennar á Þjóðskjalasafninu. Konan kveðist hafa átt bifreið við upphaf sambúðar en frekari upplýsingar um þá bifreið liggi ekki fyrir.

Á sambúðartíma hafi maðurinn fest kaup á C ehf. og stofnað annað fyrirtæki, D ehf. Auk þess hafi hann átt hlut í félaginu E ehf. Ekkert af fyrirtækjunum hafi verið metið til verðs. Konan hafi unnið á

tímabili við skrifstofustörf hjá C og þegið laun fyrir. Hún hafi einnig verið í námi á sambúðartímanum og séð um heimilið.

Á sambúðartíma hafi einnig verið reist hús að Ö, [...], og hafi húsið verið á nafni konunnar (sóknaraðila). Kveði maðurinn konuna ekki hafa lagt neitt fram við byggingu hússins, heldur hafi hann séð um bygginguna og lagt fram alla vinnu. Í ágúst 2016 hafi fasteignin verið seld og hafi söluandvirðið verið lagt inn á bankareikning í nafni mannsins, utan að bifreiðin [...], sem hafi verið hluti af söluandvirðinu og metin á 3.500.000 krónur, hafi verið skráð á nafn konunnar.

Eftir samvistarslit hafi konan fengið í sinn hlut eitthvað af innbúi, auk þess sem maðurinn hafi látið hana fá bifreið. Þá kveðist hann hafa látið hana fá peninga og greitt fyrir hana leigu, samtals að fjárhæð 1.200.000 krónur. Enn fremur hafi hann keypt fyrir hana þvottavél fyrir 40.000 krónur og sjónvarp fyrir 130.000 krónur. Líti maðurinn svo á að með afhendingu framantalinna eigna og greiðslum þessum sé skiptum lokið.

Á skiptafundi 21. apríl 2021 hafi skiptastjóri tekið þá afstöðu að konan ætti ekki hlutdeild í hlutabréfum mannsins í C ehf. eða D ehf., né heldur fyrirtækinu E ehf. Hafi lögmaður konunnar mótmælt afstöðu skiptastjóra og áskilið sér rétt til þess að óska úrlausnar héraðsdóms.

Á skiptafundi 25. maí 2021 hafi verið ákveðið að skiptastjóri legði fram tillögu til sátta og hafi sátattillagan verið send aðilum rafrænt 25. júní s.á. Á skiptafundi 11. ágúst hafi maðurinn hafnað tillögunni. Á fundinum hafi einnig orðið ljóst að ólíklegt væri að sátt tækist í málinu.

Bókað hafi verið um þá afstöðu mannsins að konan hafi þegar fengið í sinn hlut það sem henni bæri við skiptin og hann hafni því að konan eigi frekari kröfur á hendur honum. Lögmaður konunnar hafi krafist þess að helmingaskiptaregla hjúskaparlaga yrði lögð til grundvallar. Sundurliðaðar kröfur hafi síðan borist frá lögmanni konunnar. Eru þær teknar upp sem bein tilvitnun í bréfi skiptastjóra og eru þær efnislega samhljóða þeim kröfum sem sóknaraðili gerir fyrir dómi og að framan er lýst. Séu málsaðilar sammála um að úr ágreiningi þessum verði ekki leyst með samkomulagi og sé því nauðsynlegt að óska eftir úrlausn héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 122. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Tekið er fram að skiptastjóri telji ekki ástæðu til að gæta hagsmuna búsins fyrir héraðsdómi vegna þessa ágreinings.

Í bréfi skiptastjóra til dómsins eru eignir varnaraðila samkvæmt skattframtali 2018 vegna tekjuársins 2017 taldar eftirfarandi: Fasteignin að Þ, innbú og hlutabréf í þremur einkahlutafélögum; C ehf., D ehf. og E ehf. Þá eru þar talin átta ökutæki, en með sátattillögu skiptastjóra frá 25. júní 2021 og bréfi skiptastjóra 26. október 2021 leiðréttist að á viðmiðunardegi skipta 1. júní 2017 voru fimm tilgreind ökutæki skráð á nafn varnaraðila og ein bifreið á nafni sóknaraðila. Þá er getið um nokkra bankareikninga á nafni varnaraðila, allir með óverulegum innstæðum utan eins reiknings þar sem innstæðan var ríflega 22.000.000 króna á viðmiðunardegi skipta. Um skuldir segir að aðallega sé um að ræða húsnæðislán hjá Íslandsbanka.

Ekki er getið um skuldir eða eignir konunnar aðrar en framangreinda bifreið en tekið er fram að ekki liggi fyrir skattframtal hennar 2018, einungis álagningarseðill.

Í greinargerðum sóknar- og varnaraðila er málsatvikum einnig lýst.

Í greinargerð sóknaraðila segir meðal annars að á sambúðartímanum hafi hún verið að mestu heimavinnandi og annast uppeldi barna aðila og almenn heimilisstörf, auk þess sem hún hafi um tíma sinnt störfum hjá einkahlutafélögunum C ehf. og D ehf. Fyrirnefnda félagið hafi verið keypt árið 2000 en hið síðarnefnda stofnað á sambúðartíma aðila. Þá hafi hún haft umsjón með [...] F sem aðilar hafi fest kaup á 2003. Sóknaraðili kveðst hafa hafið nám í [...] 2004 og árið 2011 hafi hún hafið nám við [...] þaðan sem hún hafi lokið prófi sem [...]. Þá er því lýst í greinargerð sóknaraðila að hún átti á sambúðartímanum við veikindi að stríða, þunglyndi í kjölfar barnsburðar, átröskun og fíknivanda vegna neyslu áfengis og lyfja en sóknaraðili kveðst að mestu hafa haft tök á veikindum sínum fram til ársins 2017 er hún missti um tíma alfarið tök á þeim. Aðilar hafi slitið samvistum í júní 2017 og orðið ásátt um að miða skiptin við þann dag þótt sambúðarslitin hafi ekki verið færð formlega til bókar fyrr en 12. júlí 2019. Með dómsátt 6. febrúar 2020 hafi aðilar samið um að forsjá með þremur börnum þeirra, fæddum 2000, 2006 og 2009, skyldi vera sameiginleg en lögheimili þeirra vera hjá varnaraðila. Í greinargerð sóknaraðila er skorað á varnaraðila að

leggja fram upplýsingar um stöðu lífeyrisréttinda sinna og um arðgreiðslur sem kunni að hafa verið inntar af hendi úr fyrrgreindum þremur einkahlutafélögum á sambúðartímanum.

Í greinargerð varnaraðila kemur fram að málavaxtalýsingu í greinargerð sóknaraðila sé mótmælt að því leyti sem hún fari í bága við málatilbúnað varnaraðila en ekki verður þó af henni séð að ágreiningur sé um framangreinda lýsingu sóknaraðila. Sýnist ágreiningur að einhverju leyti snúast um byggingarstig hússins að Þ við upphaf sambúðar en varnaraðili kveður húsið þá hafa verið komið mun lengra í byggingu en fram komi í greinargerð sóknaraðila. Varnaraðili bendir á, og er það ágreiningslaust, að aðilar hafi búið saman endurgjaldslaust á heimili foreldra varnaraðila uns þau fluttu inn á neðri hæð Þ rétt áður en þau eignuðust frumburð sinn haustið 2000. Þá er óumdeilt, sem varnaraðili bendir á, að upp úr sambandi aðila slitnaði í nokkra mánuði 2004/2005. Varnaraðili mótmælir því að rekstur [...] 2002/2003 til 2004/2005 hafi verið sameiginleg ákvörðun eða verkefni aðila. Sóknaraðili hafi hætt að sinna versluninni 2005 vegna neyslu. Hafi gjaldþrotaskipta verið krafist yfir félaginu og tryggingabréf með veði í fasteign varnaraðila verið gjaldfellt. Kveðst varnaraðili hafa þurft að taka lán með veði í fasteign sinni til að greiða skuldina og hvíli lánið enn á fasteigninni. Þá er því lýst í greinargerð varnaraðila að hann telji veikindi og neyslu sóknaraðila helstu skýringu þess hve lítið hún hafi unnið utan heimilis stærstan hluta sambands þeirra.

Báðir málsaðilar gáfu aðilaskýrslu fyrir dómi. Í aðilaskýrslu varnaraðila kom meðal annars fram að óumdeilt sé að sóknaraðili hafi átt bifreið við upphaf sambúðar þeirra, eins og hún heldur fram.

II

Málsaðilar sóknaraðila

Af hálfu sóknaraðila er byggt á því að fjárhagsleg samstaða hafi verið á milli málsaðila á sambúðartímanum. Af því leiði að taka beri til greina aðalkröfur hennar um að búinu verði skipt í samræmi við meginreglu hjúskaparlaga um helmingaskipti. Sóknaraðili hafi verið mjög ung að aldri þegar sambúð hófst árið 1999 og hafi sambúðin varað alls í um 18 ár, þótt aðilar hafi gert stutt hlé á sambúðinni um nokkurra mánaða skeið árið 2005. Á sambúðartímanum hafi aðilar eignast saman þrjú börn, fædd [...].

Þótt aðilar hafi ekki verið með sameiginlega bankareikninga eða talið saman fram til skatts hafi eðli máls samkvæmt ríkt með þeim fjárhagsleg samstaða, enda hafi þau rekið saman fjölskyldu og heimili um langt árabíl. Hafi sóknaraðili ávallt litið svo á að sameignarfyrirkomulag ríkti í sambúðinni um allar eignir, hverju nafni sem þær nefndust, óháð opinberri skráningu þeirra. Ákvörðun um að fjárhag aðila yrði haldið aðskildum með framangreindum hætti hafi verið tekin af varnaraðila, væntanlega á grundvelli hagkvæmnissjónarmiða. Hafi sóknaraðili ekkert haft um það að segja, enda hafi hún treyst varnaraðila fullkomlega til að halda utan um fjárhag heimilisins.

Þá hafi nær öll eignamyndun málsaðila átt sér stað á sambúðartímanum, líkt og gögn málsins beri með sér, þótt eignarhald hafi almennt verið skráð á nafn varnaraðila, þ. á m. eignarhald að einkahlutafélagunum C, D og E, auk fasteignarinnar að Þ, Reykjavík.

Sóknaraðili kveður málsaðila hafa fest sameiginlega kaup á fasteigninni Ö, [...], á sambúðartímanum, en eignin hafi verið alfarið þinglýst eign hennar. Við sölu fasteignarinnar árið 2016 hafi söluverð hennar numið 38.500.000 krónum og virðist sem meginþorri söluandvirðis eignarinnar hafi verið lagt inn á reikninga í nafni varnaraðila, utan bifreiðar að verðmæti 3.500.000 krónur, sem hafi verið hluti af kaupverðinu. Jafnvel þótt varnaraðili hafi þegar hafið byggingu húseignarinnar að Þ, Reykjavík, við upphaf sambúðar, þá hafi framkvæmdum við eignina hvergi nærri verið lokið á þeim tíma, þ. á m. hafi ekki verið búið að koma fyrir einangrun, milliveggjum, innréttingum og gólfefnum, auk þess sem eignin hafi enn verið óglerjuð. Eignin hafi á þeim tíma verið skráð á byggingarstig 3, sem teljist fullreist burðarvirki. Málsaðilar hafi staðið sameiginlega að frágangi eignarinnar, sem á þeim tíma hafi verið langt frá því að vera lokið og enn hafi átt eftir að kosta miklu til við framkvæmdir.

Sóknaraðili byggir á því að hún hafi lagt fram eignir við upphaf sambúðar, þ. á m. bifreið sem ætla megi að hafi verið u.þ.b. 1.000.000 króna virði á þeim tíma, auk þess sem hún hafi komið með stóran hluta innbús í búið.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess að báðir aðilar hafi komið að a.m.k. nær jöfnum hlut að öflun annarra eigna búans, svo sem að kaupum á búslóð (sem enn sé í vörslum varnaraðila), að öflun

daglegra aðfanga til heimilisins, að greiðslu útgjalda vegna barna, að rekstri bifreiða o.fl. Álíti sóknaraðili að ekki verði hjá því komist að horfa til þess við mat á skiptingu eigna búans.

Þá verði að horfa til þess að jafnvel þótt varnaraðili hafi að mestu aflað tekna til heimilisins hafi sóknaraðili haldið heimili fyrir þau bæði, auk þess að annast daglegt uppeldi og umönnun barna þeirra. Sóknaraðili hafi meðal annars af þeim sökum ekki haft tilhlýðilegt svigrúm til beinnar tekjuöflunar, ólíkt því sem átt hafi við um varnaraðila. Þar að auki hafi sóknaraðili starfað um nokkurn tíma á skrifstofu C ehf. (á árunum 2001-2004 og frá 2011), sem hún hafi ávallt litið svo á að væri rekið sameiginlega af málsaðilum, enda hafi hún ekki fengið greiðslur frá félaginu í samræmi við vinnuframlag sitt. Þá hafi sóknaraðili einnig um tíma annast rekstur [...] málsaðila, auk þess sem hún hafi tekið að sér tilfallandi verkefni, einkum verkefni er lutu að saumaskap og hönnun. Meta verði framlag sóknaraðila til heimilisins til fullra tekna, enda hafi það gert varnaraðila kleift að starfa óáreittur utan heimilis og afla tekna, sem hann hafi nýtt til fjárfestinga, þ. á m. í fyrrgreindum einkahlutafélögum, bifreiðum, innbúi og til annarrar verðmætaaukningar búans. Líti sóknaraðili því svo á að báðir málsaðilar hafi, með sínum hætti, til jafns aflað heimilinu tekna. Að sama skapi blasi við að með því að varnaraðila var gert kleift að sinna launuðum störfum utan heimilis hafi hann áunnið sér lífeyrisréttindi, langt umfram sóknaraðila. Álíti sóknaraðili því ósanngjarnt ef lífeyrisinneign varnaraðila yrði haldið utan skipta.

Af dómum sem fallið hafi í málum af þessum toga megi ráða þá afdráttarlausu reglu að horft sé heildstætt á atvik, þ. á m. og einkum sé litið til lengdar sambúðartíma, hvernig heimilishaldi hafi verið háttáð, til þess hvort aðilar eigi saman börn, til þess hvernig fjárhagslegri samstöðu hafi verið háttáð, auk þess sem horfa verði til sanngirnissjónarmiða við mat á réttarstöðu aðila að þessu leyti, en fulljóst sé að verði ekki fallist á hlutdeild sóknaraðila í eignum fjárfélagsins muni varnaraðili einn njóta góðs af eignamyndun á sambúðartímanum. Af þessu leiði að taka beri til greina kröfu sóknaraðila um jafna skiptingu eigna fjárfélagsins eins og þær hafi verið á viðmiðunardegi skipta 1. júní 2017, í samræmi við kröfugerð hennar, eða að öðrum kosti aðra lægri hlutdeild í samræmi við réttmætt tilkall sóknaraðila til eigna fjárfélagsins.

Til stuðnings kröfum sínum vísar sóknaraðili einkum til meginreglna sífjaréttar um búskipti, þ. á m. til dómvenju um skiptingu eigna sambúðaraðila. Þá er vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, 100. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, sbr. önnur ákvæði XIV. kafla laganna, og til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Um málskostnaðarkröfu er vísað til XXI. kafla laga meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr.

Við munnlegan málflutning mótmælti sóknaraðili sérstaklega málsástæðum varnaraðila um fyrningu og tómlæti sem hafðar eru uppi í greinargerð hans.

III

Málsástæður varnaraðila

1. Krafa sóknaraðila fyrnd

Varnaraðili vísar til þess að um sambúðarslit gildi sú regla að líta beri á sambúðarfólk sem tvo sjálfstæða einstaklinga og sú meginregla gildi þá að hvor aðili taki þær eignir sem hann átti við upphaf sambúðar eða eignaðist á meðan á sambúðinni stóð. Til að sóknaraðili geti eignast hlut í eignum varnaraðila verði hún þannig að gera kröfu þar um og um kröfuna fari eftir lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, líkt og hverja aðra fjárkröfu.

Krafa sóknaraðila fyrnist á fjórum árum skv. 3. gr. laga nr. 150/2007. Aðilar hafi sammælst um að sambúð hafi verið slitið eigi síðar en 1. júní 2017 og skv. 1. mgr. 2. gr. laganna reiknist fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi er kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda. Kröfu sína um helmingshlut í eignum varnaraðila hafi sóknaraðili getað gert 1. júní 2017 og hafi krafa hennar því verið fyrnd þegar skiptastjóri vísaði ágreiningi aðila til héraðsdóms með bréfi skiptastjóra, dagsettu 21. september 2021, sem og þegar sóknaraðili lýsti dómkröfum sínum í greinargerð sem lögð var fram 27. október 2021.

Fyrningu verði slitið með þeim hætti sem lýst sé í IV. kafla laga nr. 150/2007 og varnaraðili telji ljóst að sóknaraðili hafi fyrst getað talist hafa slitið fyrningu með greinargerð sinni 27. október 2021 skv.

15. gr. laganna. Þá hafi meint krafa hennar verið niðurfalinn fyrir fyrningu og beri að sýkna varnaraðila þegar af þeirri ástæðu.

2. Tómlæti

Verði varnaraðili ekki sýknaður á grundvelli fyrningar krefst hann sýknu á þeim grunni að sóknaraðili hafi sýnt af sér slíkt tómlæti við að halda kröfu sinni uppi að hún hafi tapað henni. Vísað er því til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 621/2006 en af þeim dómi dregur varnaraðili þá ályktun að það geti haft áhrif við opinber skipti ef dráttur verður á því að setja fram kröfu um opinber skipti þótt engin tímamörk séu í lögum nr. 20/1991.

Varnaraðili hafi einn staðið skil á öllum sínum skuldbindingum og hafi einn fjármagnað og greitt fyrir eignir sínar. Sóknaraðili hafi ekki verið mikið á vinnumarkaði og sé það ekki vegna varnaraðila eða þess að hún hafi þurft að annast um heimili aðila eða börn þeirra. Þvert á móti hafi aðilar annast að jöfnu um börnin, a.m.k. hafi ekki hallað á sóknaraðila í þeim efnum. Varnaraðili hafi t.d. einn séð um börnin í fjarveru sóknaraðila er hún hafi misst tókin á fíkní- og geðsjúkdómum sínum.

Sóknaraðili hafi átt við fíknivanda að stríða og hafi í a.m.k. tvö skipti á sambandstíma aðila sokkið mjög djúpt í neyslu og horfið mánuðum saman. Árið 2016 og fyrri hluta árs 2017 hafi sóknaraðili verið í mikilli neyslu, fyrst áfengis en síðar einnig lyfja, en þó haldið sig mestmegnis innan veggja heimilisins. Hafi heimilishaldið lent allt á varnaraðila, sem hann hafi þó ekki verið óvanur. Í maí 2017 hafi sóknaraðili alveg misst tókin og horfið þannig að varnaraðili hafi ekki vitað hvar hún var niðurkomin fyrir en nokkrum vikum síðar. Hún hafi verið í mikilli neyslu næstu ár og engan áhuga haft á börnum aðila. Hún hafi hvorki sinnt þeim né greitt krónu til framfærslu þeirra.

Eftir að sambúð aðila lauk hafi sóknaraðili fengið það afhent af innbúi sem hún hafi viljað en hún hafi farið inn á heimilið á vinnutíma varnaraðila og tekið þá hluti sem hún vildi taka, en aldrei hafi komið til tals af hennar hálfu að hún ætti kröfu á hlutdeild í eignum varnaraðila. Varnaraðili hafi ekki getað annað en litið svo á að samkomulag væri um að fjárskiptum þeirra væri lokið enda hafi hún aldrei lagt neitt fram til eignamyndunar og lítið sem ekkert til heimilisins. Varnaraðili viti ekki með vissu í hvað þær tekjur fóru sem sóknaraðili þó hafði, en telji líklegt að það hafi verið í fatnað, snyrtivörur, áfengi og hugbreytandi efni. Við samvistarlit hafi sóknaraðili fengið 3.000.000 króna bifreið sem hún hafi verið ánægð með og ekki gert kröfu um annað enda ekki lagt fram neina fjármuni. Varnaraðili hafi talið að fjárskiptum þeirra væri lokið og mátt treysta því. Það sé enda gríðarlegt tómlæti að setja fyrst fram kröfu um opinber skipti þremur og hálfu ári eftir að sambúð lauk.

3. Ekki fjárhagsleg samstaða

Varnaraðili mótmælir þeirri meginmálsástæðu sóknaraðila að fjárhagsleg samstaða hafi verið á milli þeirra á sambúðartíma. Varnaraðili hafi greitt af áhvílandi lánum, greitt rekstrarkostnað heimilisins, kostnað vegna leikskóla barnanna, íþróttá o.þ.h. og yfirleitt matarkaup. Sóknaraðili geti ekki með réttu hafa litið svo á að sameignarfyrirkomulag ríkti í sambandi aðila enda hafi hún ekkert lagt til eins og hún hefði væntanlega gert hefði hún talið að um sameignarfyrirkomulag væri að ræða. Þótt sóknaraðili hafi á sambandstíma greitt fyrir einhverjar matarkörfur í Bónus hafi ekki hallað á hana þegar kom að matarinnkaupum, auk þess sem stöku matarinnkaup geti hvorki veitt sóknaraðila hlutdeild í eignum varnaraðila né leitt til þess að aðilar teljist hafa sameiginlegt fjárfélag. Þvert á móti hafi fjármunir þeirra verið sundurgreindir með öllu að öðru leyti en því að varnaraðili lagði fé inn á sóknaraðila og greiddi upp yfirdrætti hennar og skammtímalán.

Aðilar hafi ekki talið saman fram til skatts og ekki deilt reikningum eða kostnaði heimilisins. Það sé rangt sem haldið sé fram í greinargerð, að það hafi verið ákvörðun varnaraðila að halda fjárhag aðila aðskildum og að sóknaraðili hafi ekkert haft um það að segja.

Þá mótmælir varnaraðili því að öll eignamyndum varnaraðila hafi átt sér stað á sambúðartímanum. Fasteignina að Þ hafi varnaraðili byggt sjálfur og þótt fasteignin hafi ekki verið komin með lokaúttekt þegar þau fluttu inn í húsið hans árið 2000 hafi sóknaraðili ekki komið að byggingu hússins eða lagt til fjármuni til byggingar eða framkvæmda.

C sé fjölskyldufyrirtæki sem sé búið að vera í eigu fjölskyldu varnaraðila frá árinu [...]. Varnaraðili hafi starfað þar sem launþegi allt þar til hann tók við rekstrinum af föður sínum árið 2000. Sóknaraðili hafi ekkert haft með það að gera. Hafi sóknaraðili unnið einhverja vinnu fyrir félagið hafi hún fengið það ríkulega greitt. Hún hafi t.d. séð um bókhald félagsins eftir að hún lauk [...] og fengið greidd föst mánaðarlaun sem námu um hálfum mánaðarlaunum þótt bókhaldsvinna fyrir félagið hafi aðeins numið nokkurra klukkustunda vinnu í hverjum mánuði. Þess megi þó geta að eftir á að hyggja hefði varnaraðili mátt átta sig á því að sóknaraðili væri í neyslu árin 2016 og 2017 þar sem hún ýmist vann ekki bókhaldið eða gerði fjölda mistaka. Þrátt fyrir að hafa ekki unnið bókhaldsvinnuna síðustu mánuði sambands aðila hafi sóknaraðili ekki verið felld strax út af launaskrá.

D ehf. hafi verið stofnað af C ehf. til að halda utan um tæki félagsins og þannig ekki um sérstaka verðmætasköpun að ræða. Félagið E hafi verið stofnað utan um húsbyggingu rétt fyrir hrun 2008. Tap hafi orðið á rekstri félagsins, sem að lokum hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili bendir á að í dómafrákvæmd sé, við mat á því hvort sambúðaraðili hafi eignast hlutdeild í eignum sambúðaraðila síns, gerður greinarmunur á því hvort eignirnar hafi myndast áður en sambúð hófst eða eftir þann tíma, sbr. forsendur Hæstaréttar í máli nr. 472/2016.

Óútskýrt sé með öllu hvernig sóknaraðili eigi að hafa eignast hlut í innstæðum varnaraðila á bankareikningum eða bifreiðum og vélsleðum varnaraðila enda ekkert lagt til þeirra kaupa.

Sóknaraðili virðist telja að hún hafi eignast hlut í eignum varnaraðila á þeirri forsendu að samband þeirra, með hléum, stóð yfir í nokkuð langan tíma og að þau hafi eignast börn saman. Það sé alls ekki nægilegt samkvæmt dómafrákvæmd. Fram hafi komið í dómum Hæstaréttar að í vissum tilvikum geti sambúðarmaki átt rétt til hlutdeildar í eignum hins ef sá aðili sýnir fram á að eignamyndun hafi orðið á sambúðartíma með því að báðir aðilar hafi lagt sitt af mörkum. Sönnunarbyrðin þar um hvíli á viðkomandi að sýna fram á að hann hafi innt af hendi framlög til eignamyndunar á sambúðartímanum, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í máli nr. 718/2012. Sóknaraðila hafi ekki tekist þessi sönnun enda hvorki lagt fram fjármuni né vinnu. Fjárhagur aðila hafi aldrei verið sameiginlegur, þau hafi ekki talið saman fram til skatts, engar [sameiginlegar] eignir hafi orðið til á sambúðartímanum og sóknaraðili hafi ekkert lagt fram til eignamyndunar. Ekkert í samskiptum aðila, sambúð þeirra og ráðstöfun eða öflun fjármuna gefi tilefni til að víkja frá meginreglu um að hvor aðili eigi sína eign við lok sambúðar.

Verði talið að sóknaraðili hafi eignast hlutdeild í eignum varnaraðila beri að draga frá hluta hennar allar greiðslur sem varnaraðili hafi innt af hendi til hennar frá 1. júní 2021, hvort sem um millifærslur ræði, kaup á lausafé eða bifreiðum fyrir hana.

4. Lífeyrisréttindi

Kröfu sína um lífeyrisréttindi virðist sóknaraðili byggja á því að hún hafi gert varnaraðila kleift að sinna launuðum störfum utan heimilis. Því mótmælir varnaraðili og bendir á að foreldrum í nútímasamfélagi sé vel kleift að sinna launaðri vinnu utan heimilis án þess að hitt foreldrið þurfi sérstaklega að „fórna“ sér og vera heimavinnandi. Meginreglan sé enda sú að báðir aðilar vinni utan heimilis. Varnaraðili eigi ekki að þurfa að sæta skerðingu á eigin lífeyrisréttindum vegna þess eins að sóknaraðili hafi ekki áhuga á eða getu til að starfa á vinnumarkaði. Það sé ekki hans vandamál eða vandamál sem rekja megi til hans.

5. Leigukrafa

Krafa sóknaraðila um leigu úr hendi varnaraðila fyrir not hans á eigin fasteign sé með öllu órökstudd. Hluti krafna sé óumdeilanlega fyrndur, auk þess sem sóknaraðili hafi sýnt af sér gríðarlegt tómlæti sem leiða beri til þess að meint krafa hennar teljist niður fallin. Þess utan hafi sóknaraðili ekki lagt til fjármuni til reksturs fasteignarinnar eða greiðslu áhvílandi lána. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna varnaraðila af þessari kröfu enda hafi hann alfarið staðið straum af öllum greiðslum sem eigninni tengjast.

6. Málskostnaðarkrafa

Varnaraðili kveður málskostnaðarkröfu sína reista á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála.

IV

Niðurstaða

Þótt í grunninn sé litið á sambúðarfólk sem tvo sjálfstæða einstaklinga sem hvor taki sínar eignir og skuldir við sambúðarslit hafa í dómaframkvæmd Hæstaréttar mótast reglur og viðmið um að fjárhagsleg samstaða sambúðarfólks geti leitt til þess að sameign myndist um eignamyndun á sambúðartíma. Í því efni hafa jafnt bein framlög, fjár eða vinnu, sem óbein framlög, svo sem framlag við umönnun barna og heimilisstörf, verið talin geta lagt grunn að sameiginlegri eignamyndun. Vísbendingar eru í dómaframkvæmd um að þetta geti einkum átt við um eignir sem hafðar eru til sameiginlegra nota en að meira þurfi til að koma til þess að sameign geti myndast um eignir sem fremur eru hafðar til nota annars aðila.

Í málinu er í fyrsta lagi deilt um það hvort með aðilum hafi verið slík fjárhagsleg samstaða á meðan á sambúð þeirra stóð að sóknaraðili eigi tilkall til hlutdeildar í þeirri eignamyndun varnaraðila sem varð á sambúðartímanum, samkvæmt þeim óskráðu réttarreglum og viðmiðum sem mótast hafa í dómaframkvæmd. Í öðru lagi hvort sóknaraðili geti á sama grunni gert tilkall til hlutdeildar í almennum líffeyrissparnaði og séreignarsparnaði varnaraðila sem aflað var á sambúðartímanum. Í þriðja lagi hvort sóknaraðili eigi tilkall til mánaðarlegra greiðslna frá varnaraðila vegna nýtingar hans á fasteigninni Þ frá því að samvistarslit urðu.

Verði fallist á að sóknaraðili geti átt einhverjar kröfur á hendur varnaraðila byggir varnaraðili á því að þær kröfur séu fyrndar eða fallnar niður fyrir tómlæti. Ella gerir hann endurgreiðslukröfu á hendur sóknaraðila vegna reksturs og afborgana af lánum viðkomandi eigna, auk þess sem hann krefst þess að „allar fjárgreiðslur sem hann hefur innt af hendi til hennar eða í hennar þágu eftir skilnað aðila, hvort sem er inn á bankareikning hennar eða til leigusala eða annarra skuldheimtumanna, verði dregnar frá hlutdeild hennar og að viðurkennt sé að frá hlut hennar beri að draga andvirði tveggja bifreiða, sem hann hefur þegar afhent henni, miðað við söluverðmæti þeirra á afhendingardegi“.

Málsástæður aðila um ágreiningsefnin verða teknar til umfjöllunar í þeirri röð sem hér var lýst og verður fyrst vikið að því hvort sóknaraðili eigi tilkall til hlutdeildar í eignamyndun varnaraðila á sambúðartíma á framangreindum grundvelli.

Fyrsta dómkrafa sóknaraðila. Krafa um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartíma.

Enginn ágreiningur er um að málsaðilar hófu samband sitt seint á árinu 1999 og slitu samvistum í júní 2017. Var sóknaraðili 22 ára er sambúðin hófst en varnaraðili er átta árum eldri en hún. Þjuggu þau fyrst saman hjá foreldrum varnaraðila en fluttu svo inn á neðri hæð fasteignar hans að Þ skömmu fyrir fæðingu frumburðar síns haustið [...]. Á sambúðartímanum, sem varði í 18 ár fyrir utan nokkurra mánaða hlé 2004-2005, eignuðust þau þrjú börn saman. Óumdeilt er að þau héldu ekki sameiginlega bankareikninga og voru ekki samsköttuð.

Við upphaf sambúðar þeirra átti varnaraðili fasteignina Þ sem var þá í byggingu. Samkvæmt skattframtali hans árið 2000 var fasteignamatsverð hennar 8.328.000 króna í árslok 1999 en áhvílandi voru lán að fjárhæð 6.572.300 krónur. Ekki er getið um aðrar skuldir. Auk þess átti varnaraðili eina bifreið að verðmæti 820.000 krónur samkvæmt sama skattframtali. Samkvæmt því sem fram kom við aðilaskýrslur er óumdeilt að sóknaraðili átti eina bifreið við upphaf sambúðar aðila og eitthvert innbú en ekkert liggur fyrir um skuldir.

Samkvæmt framanrituðu verður lagt til grundvallar að varnaraðili hafi verið ívið eignameiri en sóknaraðili við upphaf sambúðar, eða sem nam u.þ.b. nettóeign hans í fasteigninni, um 1.700.000 króna.

Hvað tekjur aðila á sambúðartímanum varðar liggja ekki fyrir heildstæðar upplýsingar. Fyrir liggja skattframtöl varnaraðila vegna tekjuáranna 1999, 2006–2009 og 2011–2017, en af þeim verður ráðið að tekjur hans þessi ár hafi samtals numið um 57.500.000 króna, þar af ríflega 33.000.000 króna á síðastnefndu árabili, 2011–2017.

Engin skattframtöl hafa verið lögð fram af hálfu sóknaraðila og alls engin gögn um tekjur hennar frá upphafi sambúðarinnar 1999 og fram til ársins 2010 en hún lagði fram launamiða vegna tekna áranna

2011–2017 frá C ehf. Af þeim verður ráðið að atvinnutekjur hennar á því árabili hafi samtals numið ríflega 23.000.000 króna. Inni í skattframtali varnaðila 2012 vegna tekjuársins 2011 er að finna tekjusíðu merktá kennitölu sóknaraðila, þrátt fyrir að ekki hafi verið óskað eftir samsköttun á því framtali. Kemur þar fram að til viðbótar launatekjum frá C ehf. fékk sóknaraðili 811.000 krónur í atvinnuleysisbætur. Að teknu tilliti til þess nema tekjur hennar á framangreindu árabili rúmlega 24.000.000 króna.

Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja um tekjur aðila hefur sóknaraðili því verið með ríflega 40% af tekjum varnaðila á heildarsambúðartíma þeirra en á árabilinu 2011–2017 námu tekjur hennar ríflega 70% af tekjum varnaðila á sama tímabili. Eins og fyrr sagði liggja heildstæðar upplýsingar um tekjur þeirra á öllu tímabilinu ekki fyrir.

Af aðilaskýrslu sóknaraðila verður ráðið að hún hafi verið í fæðingarorlofi og annast ung börn aðila [...] og [...]. Ekkert liggur fyrir um hvort hún naut greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða frekari greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði en að framan greinir en ekki er á því byggt. Hún kveðst hafa unnið eitthvað fyrir C ehf. 2001–2002 en ekkert liggur fyrir um umfang þeirra starfa eða tekjur af því. Aðilum ber saman um að árin 2002/2003 til 2004/2005 hafi sóknaraðili annast rekstur [...] sem varnaðili keypti. Virðist óumdeilt að reksturinn hafi hvorki skilað tekjum né arði eða stuðlað að eignamyndun heldur valdið skuldasöfnun, þótt ekki hafi verið lögð fram gögn sem sýna beinlínis fram á þetta.

Aðila greinir nokkuð á um hvað hvort þeirra lagði af mörkum til reksturs heimilisins en hvorugt þeirra hefur þó leitast við að leggja fram gögn í þeim efnum. Nokkurn veginn ómótmælt virðist þó vera að varnaðili hafi fremur en sóknaraðili séð um greiðslu reikninga. Sóknaraðili kveðst fremur hafa séð um innkaup, þ. á m. fatakaup á börnin, á meðan varnaðili heldur því fram að hún hafi lítið lagt til heimilisins. Einnig heldur hann því fram að hann hafi oft lagt fé inn á reikning hennar en hún aldrei lagt inn á hann á móti. Miðað við mun á tekjum aðila, sérstaklega fyrstu ár sambúðar þeirra, á meðan sóknaraðili var í fæðingarorlofi eða annaðist ung börn þeirra, telst slíkt ekki óvenjulegt og raunar til marks um fjárhagslega samstöðu fremur en hitt. Varnaðili sem heldur fram þeirri óvenjulegu staðhæfingu að sóknaraðili hafi á sambúðartíma þeirra lítið sem ekkert lagt af mörkum til heimilisins og eytt þeim tekjum sem hún aflaði að mestu leyti í óráðsú og eigin neyslu verður að bera hallann af því að sú staðhæfing telst ósönnuð. Verður lagt til grundvallar að báðir aðilar hafi á sambúðartímanum lagt sitt af mörkum til reksturs heimilis og þarfa barna sinna, hvort heldur sem var framlag af tekjum eða vinnuframlag við umönnun barna og heimilisstörf. Virðist sóknaraðili fremur en varnaðili hafa tekið fæðingarorlof og annast börn þeirra ung. Varnaðili kvaðst fyrir dómi ekki muna hvort og hve langt fæðingarorlof hann hefði tekið með hverju barni og skattframtöl hans bera þess ekki merki.

Samkvæmt framanrituðu verður lagt til grundvallar að fjárhagur aðila hafi, hvað rekstur fjölskyldunnar varðar, verið samtvinnuður á sambúðartímanum þrátt fyrir að þau hafi ekki verið samsköttuð. Þá má einnig draga ályktun um nokkra fjárhagslega samstöðu aðila í tengslum við rekstur [...] sem báðir aðilar virðast hafa lagt sitt af mörkum til og borið af því áhættu, varnaðili fjármagn og veð en sóknaraðili tekjuöflunarhæfi sitt. Aftur á móti verður ekki talið að sú fjárhagslega samstaða hafi náð til reksturs einkahlutafélaganna þriggja enda benda gögn málsins til þess að sóknaraðili hafi fengið greidd laun fyrir framlag sitt til þeirra, í það minnsta að langmestu leyti.

Verður nú fyrst fjallað um fyrstu dómkröfu sóknaraðila í tengslum við einstakar eignir og svo aðrar dómkröfur hennar í þeirri röð sem þær eru settar fram.

Þ og innbú

Í samræmi við þær réttarreglur sem mótast hafa í dómaframkvæmd verður að líta svo á að slík fjárhagsleg samstaða hafi verið með aðilum á um 18 ára löngum sambúðartíma þeirra, sem stóð að mestu leyti samfellt yfir og þar sem sem þau eignuðust saman þrjú börn, að fallist verður á að sóknaraðili hafi sýnt fram á að hún eigi réttmætt tilkall til hlutdeildar í þeirri eignamyndun sem varð í fasteigninni Þ og innbúi. Þótt sóknaraðili hafi verið tekjulægri, sérstaklega á meðan á barneignum aðila stóð, eru ekki forsendur til annars en að fallast á aðalkröfu hennar um 50% hlutdeild í innbúi aðila sem meira eða minna allt virðist hafa orðið til á sambúðartímanum. Hins vegar verður ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila um 50% nettóeign í fasteigninni sjálfri enda liggur fyrir að nettóeign varnaðila í fasteigninni þegar sambúðin

hófst nam þá um 1.700.000 króna, eða um 21% af fasteignamatssverði, að teknu tilliti til áhvílandi skulda, allt samkvæmt upplýsingum í skattframtali 2000. Verður í ljósi aðilaskýrslna og fyrirliggjandi byggingarsögu hússins lagt til grundvallar að fasteignin hafi verið um það bil fókheld er sambúð aðila hófst. Í fyrirliggjandi sáttatillögu skiptastjóra var miðað við að þegar fasteign er fókheld séu fallnir til 2/3 hlutar heildarkostnaðar vegna byggingarinnar. Samræmist það álitni varnaraðila sjálfs samkvæmt því sem fram kom í aðilaskýrslu hans, en aðspurður taldi hann að við upphaf sambúðar aðila hefðu verið fallin til um 60–70% af kostnaði við tilbúna fasteign. Að teknu tilliti til alls þessa verður fallist á varakröfu sóknaraðila um viðurkenningu á lægri hlutdeild hennar í nettóeign í fasteigninni og telst sú hlutdeild hæfilega ákveðin að álitum, miðað við framangreindar forsendur, 43,5%, á móti 56,5% hlutdeildar varnaraðila.

Innstæður á bankareikningum/hagnaður af sölu Ö

Þrátt fyrir skráð eignarhald sóknaraðila á fasteigninni Ö sem var í byggingu á sambúðartímanum er óumdeilt og viðurkennt af hennar hálfu að sóknaraðili lagði hvorki fjármagn né beint vinnuframlag til kaupa eða byggingar fasteignarinnar. Hún byggir þó á því að hún hafi gert varnaraðila kleift að vinna við byggingu fasteignarinnar með því að annast heimilið og börn þeirra á meðan. Ekki liggur fyrir hvenær varnaraðili keypti grunn að fasteigninni en hún var seld fókheld 2016 á 38.500.000 króna. Var kaupsamningsgreiðslum, þrátt fyrir skráð eignarhald sóknaraðila á henni, ráðstafað inn á bankareikning varnaraðila, fyrir utan greiðslu sem fólst í afhendingu bifreiðar að verðmæti 3.500.000 krónur sem skráð var á nafn sóknaraðila. Samkvæmt því sem fram er komið í málinu virðist óumdeilt að innstæða á reikningi varnaraðila nr. 526-14-110155, sem nam ríflega 22.000.000 króna á viðmiðunardegi skipta, séu eftirstöðvar kaupsamningsgreiðslna. Í aðilaskýrslu varnaraðila kom þó fram að einhverjir reikningar vegna byggingar fasteignarinnar hefðu enn verið ógreiddir á því tímamarki og því ekki um að ræða hreinan hagnað af sölu fasteignarinnar á þessum reikningi en hann teldi hagnaðinn ekki hafa verið margar milljónir. Varnaraðili kveður sóknaraðila einungis hafa verið skráða fyrir fasteigninni þar sem hann hafi talið það hagkvæmara af skattalegum ástæðum.

Fasteign þessi var aldrei heimili fjölskyldunnar heldur virðist hafa verið hugsuð sem fjárfesting. Í ljósi þess að viðurkennt er að sóknaraðili lagði hvorki fram fjármagn né beina vinnu við byggingu hússins að Ö telst þeim löglíkum sem felast í skráningu eignarhalds hafa verið hnekkt. Þótt framlag sóknaraðila með umönnun heimilis og barna kunni að hafa gert varnaraðila kleift að vinna að einhverju leyti við bygginguna utan hefðbundins dagvinnutíma telst það framlag óverulegt í samanburði við framlag varnaraðila með fjármunum og vinnu. Verður þegar af þessum ástæðum að hafna kröfum sóknaraðila um viðurkenningu hlutdeildar í framangreindri innstæðu á bankareikningi varnaraðila.

Aðrar innstæður á bankareikningum varnaraðila eru, eins og áður sagði, óverulegar og hafa ekki verið færð fyrir því viðhlítandi rök hvernig sameign eigi að hafa myndast um þær innstæður. Samkvæmt því verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila um viðurkenningu hlutdeildar í innstæðum á bankareikningum varnaraðila.

Ökutæki

Samkvæmt beiðni skiptastjóra og leiðréttingu á efni hennar með tillögu til sáttta og bréfi 26. október 2021 voru fimm ökutæki skráð á varnaraðila á viðmiðunardegi skipta, þ. á m. tveir snjósleðar og eitt torfæruhjól, en ein bifreið var skráð á varnaraðila og er þar um að ræða þá bifreið sem skráð var á hennar nafn við sölu Ö. Í aðilaskýrslu varnaraðila kom fram að sum þeirra ökutækja sem skráð voru á hann hafi verið í eigu elsta sonar málsaðila en skilja verður þá yfirlýsingu svo að ökutækin kunni að hafa verið keypt í hans þágu en ekki að eignarhald bifreiðanna hafi verið ranglega skráð á varnaraðila. Ekki liggur annað fyrir en að öll ökutækin hafi komist í eigu aðila á sambúðartímanum og verið notuð í þágu fjölskyldu og heimilis. Í ljósi þeirrar niðurstöðu um fjárhagslega samstöðu aðila á sambúðartímanum sem fyrr var rakin verður fallist á aðalkröfu varnaraðila um að skír eign í þessum ökutækjum komi til jafnra skipta milli aðila óháð skráningu þeirra.

Einkahlutafélögin þrjú

Af gögnum málsins og því sem fram kom í aðilaskýrslu sóknaraðila verður ekki séð að um slík framlög hennar til reksturs C ehf., D ehf. eða E ehf. hafi verið að ræða, umfram það sem hún fékk greidd laun fyrir, að hún geti átt tilkall til eignamyndunar í þeim skráðu eignum varnaraðila. Óumdeilt er að sóknaraðili lagði ekkert fé til kaupa eða stofnunar á félögum og verður ekki annað séð en að hún hafi fengið greidd hæfileg laun fyrir vinnuframlag sitt í þágu þessara félaga, einkum [...], en enginn eiginlegur atvinnurekstur mun hafa verið í hinum félögum. Verður því tekið undir afstöðu skiptastjóra í þessu efni og hafnað öllum kröfum sóknaraðila til hlutdeildar í þessum eignum varnaraðila.

Önnur dómkrafa sóknaraðila. Almenn lífeyrisréttindi og séreignarsparnaður

Krafa sóknaraðila í þessu efni er reist á þeirri málsástæðu að með því að varnaraðila hafi verið gert kleift að sinna launuðum störfum utan heimilis hafi hann áunnið sér lífeyrisréttindi langt umfram sóknaraðila. Sóknaraðili hefur lagt fram heildstætt yfirlit yfir lífeyrissjóðsgreiðslur sínar og réttindi í Gildi – lífeyrissjóði þar sem fram kemur að heildargreiðslur á tímabilinu 1995–2017 nemi tiltekinni fjárhæð og til hve hárra réttinda í sjóðnum það svari. Varnaraðili hefur einnig lagt fram tilteknar upplýsingar um réttindi sín í tveimur lífeyrissjóðum, auk þess sem fram kemur að hann eigi séreignarsparnað, sem numið hafi tilgreindum fjárhæðum miðað við 1. apríl 2020 og 30. september 2021. Ljóst virðist að varnaraðili eigi meiri lífeyrisréttindi, þótt framlögð gögn séu ekki fyllilega samanburðarhæf, auk þess sem hann á séreignarsjóð en ekki sóknaraðili.

Aðilar báru ekki að lögum framfærsluskyldu gagnvart hvort öðru á sambúðartímanum enda í óvígðri sambúð. Þá þykir ljóst að fleira hafi haft áhrif á tekjuöflunarhæfi sóknaraðila, og þar með hæfi hennar til að afla sér lífeyrisréttinda, en umönnun barna og heimilis, en óumdeilt er að hún hefur glímt við veikindi og fíknisjúkdóm, auk þess sem hún varði tíma til að mennta sig á sambúðartímanum sem varnaraðili gerði ekki. Í ljósi þessa hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að hún eigi réttmætt tilkall til hlutdeildar í lífeyrisréttindum varnaraðila, hvorki almennum réttindum né séreignarsjóði hans, og verður þeirri kröfu alfarið hafnað.

Þriðja dómkrafa sóknaraðila. Krafa um leigu vegna afnota af P

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði henni 200.000 krónur í leigu vegna eignarhlutar hennar í fasteigninni, sem hér hefur verið viðurkenndur, en engar málsástæður eru færðar fram í greinargerð hennar þeirri kröfu og fjárhæð hennar til stuðnings, svo sem nauðsynlegt hefði verið, einkum þegar litið er til þess að óumdeilt virðist að varnaraðili hafi alfarið séð um að greiða afborganir láns/lána af fasteigninni og borið allan kostnað af henni frá samvistarslitum. Krafan er svo vanreifuf, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., að ekki er unnt að leggja úrskurð á hana og verður henni því vísað frá dómi án kröfu.

Fyrning og tómlæti

Víkur þá að málsástæðum varnaraðila um fyrningu og tómlæti.

Sú krafa sóknaraðila sem fallist hefur verið á að hluta hér að framan (1. dómkrafa) er viðurkenningarkrafa af eignarréttarlegum toga en ekki krafa um peninga eða aðrar greiðslur. Fellur krafa sóknaraðila þar af leiðandi ekki undir gildissvið fyrningarlaga nr. 150/2007 eins og það er afmarkað í 1. mgr. 1. gr. laganna. Verður því að hafna þeirri málsástæðu varnaraðila að umrædd krafa sé fyrnd. Þá verður reglum kröfurettar um tómlæti og réttaráhrif þess ekki beitt þegar deilt er um hvort sameign hafi myndast um eignamyndun á sambúðartíma. Má þar um til hliðsjónar vísa til dóms Hæstaréttar frá 22. september 2011 í máli nr. 480/2010.

Öðrum kröfum sóknaraðila hefur þegar verið ýmist hafnað eða vísað frá dómi án kröfu og gerist því ekki þörf á að taka afstöðu til fyrningar þeirra eða tómlætis.

Endurgreiðslukrafa varnaraðila

Í greinargerð sinni hefur varnaraðili uppi sem hluta af þrautavarakröfu sinni (nú varakröfu) tiltekna endurgreiðslukröfu verði fallist á dómkröfur sóknaraðila um hlutdeild í eignamyndun, eins og hér hefur verið gert. Þessi dómkrafa varnaraðila, sem tekin er upp orðrétt hér að framan, er óljós, meðal annars um hvaða fjárgreiðslur voru inntar af hendi og til hverra, sem og hvaða tvær bifreiðir hafi verið afhentar og hvert andvirði þeirra hafi verið. Engar málsástæður eða lagarök er að finna fyrir þessari kröfu í greinargerð varnaraðila og var kröfunni ekki haldið sérstaklega uppi við munnlegan málflutning.

Mestu skiptir þó að hvergi er þess getið í beiðni skiptastjóra til dómsins að ágreiningur standi um endurgreiðslukröfu varnaraðila. Í máli sem rekið er í héraði samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 20/1991 í tilefni af því að skiptastjóri við opinber skipti hafi beint ágreiningsefni til úrlausnar dómstóla eftir 122. gr. sömu laga verða aðeins hafðar uppi kröfur um þau atriði varðandi skiptin sem hann hefur lagt fyrir á þann hátt, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 10/2008, nr. 811/2015 og nr. 237/2016. Getur aðili ekki með greinargerð sinni aukið við það sakarefni sem skiptastjóri hefur afmarkað í beiðni til dómsins, þótt hann geti haft uppi sjálfstæðar kröfur um það efni, sbr. 4. mgr. 130. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Þegar af þeim sökum er óhjákvæmilegt að vísa endurgreiðslukröfu varnaraðila frá dómi án kröfu.

Samkvæmt öllu framanrituðu hefur því verið slegið föstu að sóknaraðili eigi rétt til helmingshlutdeildar í skírri eign í innbúi og ökutækjum sem voru til staðar á viðmiðunardegi skipta og lægra hlutfalls, 43,5%, í fasteigninni að Þ. Að öðru leyti hefur dómkröfum hennar verið hafnað eða vísað frá dómi. Þá hefur endurgreiðslukröfu varnaraðila verið vísað frá dómi.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991.

Sóknaraðili nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 29. desember 2021. Í samræmi við 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 greiðist allur gjafsóknarkostnaður hennar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar, sem telst hæfilega ákveðin eftir efni og umfangi málsins með þeirri fjárhæð sem greinir í úrskurðarorði, en ekki liggur fyrir tímacyfirlit. Við ákvörðun gjafsóknarþóknunar er samkvæmt dómvenju ekki tekið mið af virðisaukaskatti.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður en af hálfu varnaraðila flutti málið Auður Björg Jónsdóttir lögmaður.

Hildur Briem héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Viðurkennt er að við opinber skipti til fjárslita milli sóknaraðila, B, og varnaraðila, A, skuli skír eign í innbúi og þeim ökutækjum sem skráð voru á aðila á viðmiðunardegi skipta 1. júní 2017 og talin eru upp í bréfi skiptastjóra til héraðsdóms, dagsettu 21. september 2021, í tillögu skiptastjóra til sátta, dagsettri 25. júní 2021, og í bréfi skiptastjóra, dagsettu 26. október 2021, skiptast til helminga milli aðila. Þá er viðurkennd 43,5% hlutdeild sóknaraðila í skírri eign í fasteigninni Þ, skráðri eign varnaraðila, miðað við fyrrgreint tímamark. Að öðru leyti er fyrstu dómkröfu hennar um viðurkenningu hlutdeildar í eignum skráðum á varnaraðila hafnað.

Hafnað er kröfu sóknaraðila um viðurkenningu hlutdeildar hennar í almennum lífeyrissparnaði og séreignarlífeyrissparnaði varnaraðila sem aflað var á sambúðartímanum allt fram til viðmiðunardagsins 1. júní 2017.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila leigu að fjárhæð 200.000 krónur á mánuði, eða aðra lægri fjárhæð, vegna afnota varnaraðila af eignarhlut sóknaraðila í fasteigninni að Þ, Reykjavík, frá viðmiðunardegi 1. júní 2017 til uppgjörsdags, er vísað frá dómi án kröfu.

Endurgreiðslukröfu varnaraðila, sem höfð er uppi sem þrautavarakrafa í greinargerð hans, er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður sóknaraðila greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Þórhalls Hauks Þorvaldssonar, 1.350.000 krónur.